

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera sá, að styrkja fátæka sjúklinga í Jökuldalshreppi til lækninga, þá, er ekki eiga rjett til styrks af almannaþje samkvæmt gildandi lögum.

58

30. júní

## 4. gr.

Hreppsnefnd Jökuldalshrepps hefir á hendi stjórn sjóðsins og ákveður hún, hverjir skuli njóta styrks.

## 5. gr.

Stofnfje sjóðsins skal lagt í sparissjóð. Höfuðstólinn skal ekki skerða, og leggjast allir vextir við hann næstu 18 árin frá stofnun sjóðsins.

## 6. gr.

Heimilt skal hreppsnefnd Jökuldalshrepps að grípa til sjóðsins í hreppsþarfir, er miða til almennra hagsælda fyrir sveitarfjelagið, verklega eða andlega, gegn fullri ábyrgð á höfuðstól og vöxtum.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessa er heimilt að endurskoða að 18 árum liðnum. Skal þá hreppsnefnd Jökuldalshrepps ákveða, hve miklu af vöxtum sjóðsins skuli árlega varið til styrktar sjúklingum og á hvern hátt.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningsár hans er 1926. Reikningar sjóðsins skulu birtir á þann hátt, er hreppsnefndin ákveður.

Hvanná, 25. maí 1926.

*Jón Jónsson. Björn Þorkelsson. Lúðvíg Þorgrímsson.  
Þorleifur Stefánsson. Eiríkur Sigfússon.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð barnaskólans í Grenivík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. júní 1926. Skipulagsskráin er þannig:

59

30 júní

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

### Menningarsjóð barnaskólans í Grenivík.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður barnaskólans í Grenivík. Hann er stofnaður af prestshjónunum í Grenivík. Árna Jóhannessyni og Valgerði Karó-

**59** 30. júní línu Guðmundsdóttur, og var 31. des. 1925 að upphæð kr. 556.77. Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheitungum, er leggjast við stofnfjeð, og sömuleiðis allir vextir, uns sjóðurinn er orðinn 1000 kr., úr því skal árlega leggja við stofnfjeð þann hluta vaxtanna, er afgangs verður útborgunum þeim, sem heimilaðar eru í 4.—6. gr. hjer á eftir. Stofnfjeð má aldrei skerða.

### 2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Þó mega alt að 200 kr. árlega standa á vöxtum í Sparisjóði Höfðhverfinga, meðan sjóðurinn eigi nemur 1000 kr., og úr því alt að 400 kr., en aldrei hærri upphæðir, nema um vexti sje að ræða, er á að verja til verðlauna eða styrks á árinu og hafa verið greiddir úr stofnsjóði fyr á árinu en til þeirra þurfi að taka.

### 3. gr.

Sjóðnum stjórnar þriggja manna nefnd: Þjónandi prestur Grenivíkursóknar, skólastjóri barnaskólans í Grenivík og formaður skólanefndar. Til vara í stjórninni er oddviti Grýtubakkahrepps. Nefndin kýs sjálf formann og reikningshaldara sjóðsins. Stjórnin starfar launalaust.

### 4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 1000 kr., má stjórn sjóðsins við uppsögn barnaskólans, eftir tillögum skólastjóra, árlega verja 10 kr. af vöxtunum til verðlauna barni, er það skólaár hefir gengið á skólann, fyrir nám-fýsi og framfarir í námsgreinum skólans, einkum og sjerstaklega í móðurmálinu og íslenskum fræðum samfara fyrirmyndar dagfari og háttprýði í viðmóti og sambúð. Þegar sjóðurinn nemur 2500 kr., má árlega verja 30 kr. af vöxtunum til verðlauna á sama hátt; má þá og úr því veita fleiri börnum en einu verðlaun, ef ástæða þykir til. Sama barni skal eigi veita verðlaun oftari en tvisvar á skólaaldrinum. Teljist ekkert skólabarnið verðlauna vert, legst verðlaunafjeð það ár við sjóðinn.

### 5. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins nema 1000 kr. eða meiru, skal auk hins árlega verðlaunafjár verja af þeim 5. hvert ár alt að 1000 kr. til styrks handa skólastjóra eða aðalkennara barnaskólans í Grenivík, til þess að hann geti notað sumarleyfið til frama og fullkomunar í sinni ment, einkum í uppeldisfræði, með utanför eða á annan hátt. Skal fjeð greitt honum við skólauppsögn hin ákveðnu ár án umsóknar. Skyld er þeim, sem styrks þessa nýtur, að kenna við

skólann að minsta kosti næstu 3 skólaár eftir að hann naut styrksins, og þess er vænst, að hann geri sjer far um að útbreiða og efla menningu og fróðleik í sveitinni eftir föngum, t. d. með fræðandi fyrirlestrum, aukningu handritasafns skólans eða hreppsins og annara safna, einkum innsveitis fróðleik.

Sje við skólauppsögn eitthvert greiðsluár enginn skólastjóri eða aðal-kennari ráðinn, skal greiðslan í það sinn falla niður og upphæðin, sem til styrksins átti að verja, lögð óskert við stofnfjeð.

Ef gullgildi íslenskrar krónu er eitthvert ár lægra en nú, má hækka verðlaun og styrki það ár sem því svarar eftir að ársvextir sjóðsins nema 1000 kr. eða meiru, þó aldrei meira en svo, að vextir hrökkvi til verðlauna og styrks.

#### 6. gr.

Þegar vextir sjóðsins nema 2000 kr. eða meiru, skal jefnan leggja  $\frac{2}{5}$  ársvaxtanna við stofnfjeð, en  $\frac{3}{5}$  vaxtanna skal varið sem hjer segir:

- a. Til verðlauna samkvæmt 4. gr., má til þeirra verja úr því alt að 50 kr. á ári.
- b. Til styrks samkvæmt 5. gr., má úr því verja til styrksins 5. hvert ár því af  $\frac{3}{5}$  vaxtanna, sem afgangur er verðlaunafjenu.
- c. Þau fjöggra ára bil, sem styrkur er ekki veittur, skal því, sem afgangur er verðlaunafjenu af  $\frac{3}{5}$  ársvaxtanna varið til uppkomu og eflingar menningarsafna í sambandi við skólann í Grenivík, svo sem bókasafns, handritasafns, náttúrufræðisafns og menningarsögusafns, og sje þangað safn að öllum fróðleik um sögu, menningu og náttúru Grýtubakkahrepps. Vaxi söfnin svo, að eigi verði nægilegt rúm handa þeim í skólahúsinu, má stjórn sjóðsins leggja fje það, sem ætlað er til eflingar söfnunum, eða nokkurn hluta þess, í sjerstakan sjóð, er ávaxtist óhreyfður á tryggum stað, uns hann er með vöxtum orðinn nægilega stór til þess, að á hans kostnað verði reist sjerstakt hús handa söfnunum í nánd við barnaskólann í Grenivík. Skal þar meðal annars vera lestrarstofa í sambandi við bókasafnið og handritasafnið eftir þáverandi kröfum tímans. En því aðeins skal stjórn sjóðsins láta byggja þetta hús, að Grýtubakkahreppur taki að sjer viðhald þess og starfrækslu safnanna menningarsjóðnum að kostnaðarlausu, að öðruleyti en því, að hann veitir umræddan styrk til aukningar safnanna áfram.

#### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda bók eða bækur, er í skal rita störf og ályktanir hennar og reikninga sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af 2 mönnum: hreppstjóra Grýtubakkahrepps en hinum kosnum af hreppsnefndinni í Grýtubakkahreppi. Komi upp ágreiningur um reikningana, sker stjórnarráð Íslands úr honum.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Grenivík, 15. febrúar 1926.

*V. Karólína Guðmundsdóttir. Árni Jóhannesson.*

Vjer undirritaðir: Ástvaldur M. Jónsson, kennari við barnaskólann í Grenivík, Þórður Gunnarsson, hreppstjóri Grýtubakkahrepps, og Björn Jóhannsson, oddviti Grýtubakkahrepps, lýsum hjermeð yfir því, að vjer munum takast á hendur störf þau, sem framanrituð skipulagsskrá leggur oss á herðar.

*Þórður Gunnarsson. Björn Jóhannsson. Ástvaldur Jónsson.*

## REGLUGJÖRÐ

um

### meðferð og notkun rafmagns á Sauðárkróki.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi yfirstjórn rafveitunnar. Hún kýs 3 menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn. Þó gengur einn maður úr nefndinni árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Eru nefndarmenn skyldir til að vinna endurgjaldslaust að nefndarstörfum, en enginn er skyldur til að taka endurkosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn, og hann hefir setið í nefndinni. Rafveitunefnd kýs sjer formann, fjehirði og ritara, ræður starfsmenn við rafveituna og ákveður kaup þeirra.

#### 2. gr.

Rafveitan á Sauðárkróki selur rafmagn, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari, á því svæði, sem hjer segir: Að sunnan frá Grænuklauf og norður á móts við nyrðra horn á Gránuklauf og alt kauptúnið innan þessara takmarka.

#### 3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefndin selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.